

Ár 2011, föstudaginn 6. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. E-2647/2010:

Íslandsbanki hf.

(*Ágúst Stefánsson hdl.*)

gegn

Margréti De Leon Magnúsdóttur

(*Árni Helgason hdl.*)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur :

Mál þetta, sem dómtekið var 11. mars, var höfðað 5. og 9. október 2010.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 7.819.188 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. desember 2009 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Við þingfestingu málsins var málið með úrskurði að ósk stefnanda fellt niður á hendur stefndu Karólínu Snorradóttur og Pétri Geir Magnússon, sem upphaflega var stefnt í málinu.

Stefnda Margrét De Leon Magnúsdóttir krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst hún málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

I.

Þann 24. apríl 2007 stofnaði stefnda Margrét de Leon Magnúsdóttir gjaldeyrisreikning USD nr. 515-29-1188 við útibú stefnanda að Kirkjusandi 2 í Reykjavík. Samkvæmt reikningsyfirliti vegna reiknings þessa námu innistæðulausar færslur á reikningnum þann 31.12. 2009 USD 62.443,60, en umreiknað í íslenskar krónur miðað við gengi USD 31.12.2009, sem var 125,22, jafnvirði í 7.819,188 íslenskum krónum. Stefnandi kveður reikningnum hafa verið lokað að undangenginni löginnheimtu. Með yfirlýsingu þann 23. apríl 2007 tóku Karólína Snorradóttir og Pétur Geir Magnússon á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldar allt að 3.400.000 krónur ásamt vöxtum og kostnaði vegna reikningsins. Stefnandi kveður skuldina ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnda lýsir málavöxtum svo að umræddur gjaldeyrisreikningur hafi verið stofnaður í tengslum við kaup hennar á fasteign að Hraunholti 15 í Garði, en Íslandsbanki, þá Glitnir hafi veitt stefndu lán vegna kaupanna. Stefnanda hafi annars

vegar tekið lán upp á 17,6 milljónir króna með veði í eigninni og hins vegar viðbótarlán upp á 3,4 milljónir króna. Útfærsla þess láns hafi verið með þeim hætti að áður nefndur reikningur var stofnaður, tékkareikningur með yfirdráttarheimild. Þessi reikningur hafi verið nýttur til að greiða í einni greiðslu 3.400.000 krónur til seljanda eignarinnar vegna fasteignakaupanna. Til hafi staðið að láninu yrði breytt úr því að vera yfirdráttarheimild á tékkareikningi yfir í hefðbundið fasteignalán, enda óeðlilegt að lán sem þetta sé í formi yfirdráttarheimildar, en ekkert hafi orðið af því.

## II.

Stefnda byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því að hið umrædda lán hafi verið gengistryggt á ólögmætan hátt. Af þeim sökum sé stefnufjárhæð málsins fengin út með ólögmætum hætti þannig að stefnda geti ekki fallist á að greiða hana, þótt ekki sé umdeilt í sjálfu sér að lán hafi verið veitt. Ekki sé gerð varakrafa í málinu af hálfu stefnanda og því sé farið fram á sýknu.

Í 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, komi fram með hvaða hætti megi verðtryggja lánsfé í íslenskum krónum. Þar segi að einungis sé heimilt að verðtryggja lánsfjárhæð út frá vísitölu neysluverðs og í lögskýringargögnum komi fram að í þessu felist að ólögmætt sé að tengja höfuðstól lánsfjárhæðar við gengi erlendra mynta. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 92/2010 hafi því verið slegið föstu að óheimilt væri að lán í íslenskum krónum væru verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla. Í því felist að ákvæði 13. og 14. gr. vaxtalaga séu ófrávíkjanleg, sbr. 2. gr. laganna, og að ekki verði samið um verðtryggingu sem ekki sé stoð fyrir í lögum. Í dómnum komi fram að fyrrnefnd ákvæði í hinum umdeilda samningi um gengistryggingu væru því í andstöðu við þessi fyrirmæli laganna og ekki skuldbindandi.

Í dómnum Hæstaréttar hafi komið fram að heiti lánsins eða form þess skipti ekki máli, heldur efni þess og hvaða verðmæti skipti raunverulega um hendur. Í tilfelli stefndu sé ljóst að hún fékk íslenskar krónur að láni í tengslum við fasteignakaup hér á landi, enda hafi hún verið búsett á Íslandi, haft tekjur í íslenskum krónum og nýtt lánið hér innanlands. Upphæðin taki mið af því, þ.e. 3.400.000 íslenskar krónur.

Engin gjaldeyrisviðskipti hafi átt sér stað og enginn gjaldeyrir skipt um hendur, enda liggja engar kaupnótur eða aðrar slíkar kvittanir fyrir í málinu. Raunar sé skjalagerð í tengslum við þessa lánveitingu knöpp og miðað við framlögð gögn af hálfu stefnanda virðist ekki hafa verið skrifað undir nein skjöl eða samninga um lánið, hvað þá að stefnda hafi samþykkt kaup á erlendum gjaldeyri eða fallist á að taka á sig gengisáhættu.

Af hálfu stefnda er vakin athygli á því að í meðförum Alþingis sé nú frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, sem sé ætlað að taka á lánnum eins og því sem mál þetta snúist um. Í bráðabirgðaákvæði X, sbr. 3. gr. a í frumvarpinu, komi fram að lán sem þetta skuli gert upp á grundvelli 18. gr. laganna, þannig að það teljist vera íslenskt lán og taki óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Samkvæmt frumvarpinu séu ákvæði þess afturvirk og myndu því eiga við þetta lán.

Um lagarök vísar stefnda til laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, einkum 13. og 14. gr.

### III.

Stefnda, Margrét De Leon Magnúsdóttir gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins og Kristín viðskiptastjóri stefnanda gaf skýrslu vitnis.

Stefnda kvað fjárhæð samkvæmt umræddum reikningi hafa verið millifærða yfir á annan reikning vegna fasteignakaupa. Hún hefði aldrei fengið neina peninga í hendur. Í bankanum hafi henni verið sagt að hagstæðara væri fyrir hana að hafa yfirdráttinn í dollurum. Hún hefði óskað eftir breytingu á láninu en henni hefði verið sagt að vaxtalega séð væri hagstæðara fyrir hana að halda þessu óbreyttu. Yfirdrátturinn hefði verið hafður í dollurum þar sem vextir í íslenskum krónum væru óhagstæðari. Hún hefði hins vegar átt að endurgreiða þetta lán í venjulegum greiðslum. Hún kvaðst hafa átt fasteign í Bandaríkjunum sem til stóð að selja. Kvað hún yfirdráttarheimildina í dollurum hafa tengst þeirri sölu. Sá sem ætlaði að kaupa umrædda eign hefði hins vegar hætt við kaupin og ekkert orðið af þeim.

Vitnið Kristín, viðskiptastjóri stefnanda, kvað stefndu hafa fengið yfirdráttarheimild í dollurum af því að hún átti fasteign í Bandaríkjunum sem hún var að selja. Ekki hafi staðið til að breyta yfirdráttinum í annars konar lán. Hún kvað yfirdráttinn hafa verið veittan í tengslum við kaup stefndu á fasteign hér á landi.

### IV.

Upplýst er í máli þessu og óumdeilt að tildrög þess að stefnda stofnaði gjaldeyrisreikning í bandaríkjadöllum í útibúi stefnanda með yfirdráttarheimild voru þau að stefnda, sem var að festa kaup á fasteign á Íslandi, átti fasteign í Bandaríkjunum sem hún taldi sig hafa kaupanda að er til reikningsins var stofnað. Kom fram hjá stefndu fyrir dóminum að stofnun gjaldeyrisreikningsins hafi tengst sölu fasteignarinnar í Bandaríkjunum. Þá kom fram í vætti starfsmanns stefnanda fyrir dóminum að stefndu hafi verið veitt yfirdráttarheimild á gjaldeyrisreikningi í bandaríkjadöllum af því að hún átti fasteign í Bandaríkjunum sem hún var að selja og einnig hafi yfirdráttarheimildin verið veitt í tengslum við kaup stefndu á fasteign á Íslandi. Eins og áður getur varð ekkert af sölu fasteignar stefndu í Bandaríkjunum.

Eins og að framan getur leitaði stefnda til stefnanda með lánafyrirgreiðslu vegna kaupa hennar á fasteign í Garði. Var henni veitt hefðbundið fasteignalán að fjárhæð 17.600.000 krónur og hins vegar yfirdráttarlán á framangreindum gjaldeyrisreikningi, sem nam 3.400.000 íslenskum krónum og var sú fjárhæð millifærð á reikning seljanda fasteignarinnar. Fjárhæðin var skuldfærð á gjaldeyrisreikning stefnanda í bandaríkjadöllum. Enginn erlendur gjaldeyris var lagður inn á þann reikning en reikningurinn var einvörðungu nýttur vegna þessa viðbótarfasteignaláns stefndu. Ber í þessu sambandi að líta til yfirlýsingar framangreindra sjálfskuldarábyrgðarmanna vegna umrædds gjaldeyrisreiknings. Samkvæmt yfirlýsingunni ábyrgjast þessir aðilar að hámarki 3.400.000 íslenskar krónur en ekki bandaríkjadali eins og reikningurinn var færður í. Þegar til allra

atvika er lítið verður ekki komist hjá öðru en að líta svo á að í reynd hafi stefndu verið lánað fé í íslenskum krónum, en að lánafyrirgreiðslan hafi verið útfærð með þeim hætti að hún færi fram í bandaríkjadöllum. Með þessu var lánið verðtryggt miðað við gengi bandaríkjadals, en það er óheimilt sbr. 13. og 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Er í þessu sambandi vísað til dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010.

Óumdeilt er að stefnda stendur í skuld við stefnanda vegna framangreindrar lánafyrirgreiðslu, en á hinn bóginn hefur stefnandi ekki uppi varakröfu í málinu um greiðslu skuldarinnar miðað við að hún sé ekki miðuð við gengi erlends gjaldmiðils. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu. Eftir þeim úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til 25,5 % virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Finnbogi H. Alexandersson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð:**

Stefnda, Margrét De Leon Magnúsdóttir, er sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Íslandsbanki hf., greiði stefndu 350.000 krónur í málskostnað.

Finnbogi H. Alexandersson